

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Heyrnar- og talmeinstöðvar.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Heyrnar- og talmeinstöð?

Kveðið er á um lögbundin verkefni Heyrnar- og talmeinstöðvar í 2. gr. laga nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinstöð. Í 1. mgr. segir að hlutverk stofnunarinnar sé meðal annars að:

1. Sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum.
2. Veita faglega ráðgjöf og annast þjálfun og endurhæfingu heyrnarlausra, heyrnarskertra og þeirra sem eru með heyrnar- og talmei.
3. Sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir eftir því sem við á.
4. Útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausra og þá sem eru með heyrnar- og talmei og veita fræðslu og þjálfun í notkun þeirra. Stofnunin skuli enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
5. Stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skuli safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða eru með heyrnar- og talmei og öðrum tölfraðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Heyrnar- og talmeinstöðvar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Fjárlög gera ráð fyrir 188,9 millj. kr. til rekstrar Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar á þessu ári. Fjárheimildin er ætluð til að sinna verkefnum stofnunarinnar og er ekki sundurliðuð sérstaklega.